

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
b/t Gauts Sturlusonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum. (371. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér upptöku veiðieftirlitsgjalds vegna strandveiða og upphæð slíks gjalds.

Frumvarp þetta er sett fram ásamt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, þar sem lagt er til að ákvæði um strandveiðar verði lögfest. Til almennra athugasemda um þá tilætlun að lögfesta strandveiðar vísast til umsagnar um fyrrgreint frumvarp, 370. mál.

Ekki er sérstaklega gert grein fyrir því hvað liggur að baki upphæð veiðieftirlitsgjaldsins sem kveðið er á um í ofangreindu frumvarpi. Upphæð gjaldsins er 50.000 kr., var vegna bráðabirgðaákvæðis um strandveiðar 17.500. kr. eins og gildir um önnur leyfi til veiða. Ekki er gerð grein fyrir ástæðu hækkunar gjaldsins og á hvaða forsendum gjald er haft mun hærra vegna leyfa til strandveiða en annarra leyfa. Sé hér verið að mæta kostnaði sem skapast af strandveiðum er það ekki skýrt í greinargerð með frumvarpinu og þyrfti því að útskýra það frekar. Að öðru leyti verður ekki séð að réttlætunleg forsenda sé að baki slíkri hækkun.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands

